

15. gr.

Uppsögn.

1. Sérhver samningsaðili getur sagt samningnum upp með skriflegri tilkynningu þess efnis til danska utanríkisráðuneytisins en það skýrir öðrum samningsaðilum frá móttöku tilkynningarinnar og efni hennar.

2. Uppsögn gildir aðeins fyrir þann samningsaðila sem hefur lagt hana fram og tekur hún gildi sex mánuðum eftir þann dag sem danska utanríkisráðuneytið tók við tilkynningu um hana.

16. gr.

Ákvæði í samningi um almannatryggingar felld úr gildi.

Þegar þessi samningur gengur í gildi fellur síðasti málslíður 30. gr. Norðurlandasamnings um almannatryggingar frá 15. júní 1992 úr gildi.

17. gr.

Varðveisla frumtextans.

Frumtexti þessa samnings skal varðveittur í danska utanríkisráðuneytinu sem lætur öðrum samningsaðilum í té staðfest afrit af honum.

Þessu til staðfestu hafa neðangreindir fulltrúar, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað þennan samning.

Gjört í Arendal 14. júní 1994 í einu eintaki á íslensku, dönsku, finnsku, norsku og sænsku og skulu allir textarnir jafngildir.

FORSETABRÉF

um frestun á fundum Alþingis.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt:

Að ég, samkvæmt tillögu forsætisráðherra og með skírskotun til samþykkis Alþingis, fresta fundum Alþingis, 120. löggjafarþings, frá 5. júní 1996 til septemberloka.

Gjört í Reykjavík, 5. júní 1996.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Davíð Oddsson.